

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

8. tbl. • Ágúst 1999

## símenntun



æviverk fyrir alla

## DAGUR SÍMENNTUNAR UM ALLT LAND

Dagur símenntunar verður haldinn laugardaginn 28. ágúst nk. og er markmið hans að sýna mikilvægi símenntunar fyrir einstaklinginn. Almennungi er boðið að taka þátt í skemmtilegri og fræðandi dagskrá á um 30 stöðum á landinu. Dagskráin verður mjög fjölbreytt en áherslur mismunandi eftir stöðum.

Um allt land verður lögð áhersla á að gefa fólki á vinnumarkaðnum tækifæri til að kynna sér nám í boði og hvetja til símenntunar. Á boðstólum verða stuttar og skemmtilegar kennslustundir, fyrirlestrar sem höfða til ákveðinna starfshópa, barnadagskrá, sýnikennsla, málefnalegir umræðuhópar, tónleikar og margt fleira. Þátttaka í dagskránni er gestum að kostnaðarlausu.

Sameiginleg dagskrá verður á öllum 30 stöðunum fyrir tilstilli fjárfundabúnaðar og netútsendingar. Þannig verður dagskráin opnuð samtímis kl. 10.00 um allt land af forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, og menntamálaráðherra, Birni Bjarnasyni. Eftir opnunina mun röð fyrirlestra verða sýnd um landið með sömu tækni.

Dagur símenntunar er haldinn að ákvörðun menntamálaráðherra og fellur undir verksvið verkefnisstjórnar ráðuneytisins um símenntun. Framkvæmd er í höndum MENNTAR - samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla, en um 200 aðilar um land allt - skólar, stofnanir, samtök og fyrirtæki - standa að baki dagskránni.

Ítarlegar upplýsingar um dag símenntunar eru á vefsíðunni <http://www.mennt.is/simenntun> eða hjá MENNT í síma 511-2660, netfang [mennt@mennt.is](mailto:mennt@mennt.is). Ítarleg dagskrá mun einnig verða birt í Morgunblaðinu föstudaginn 27. ágúst.

### Einkavæðing í ógöngum

Ritstjórnargrein

2



### Natríumskert matvæli

Rannsóknir og upplýsingamiðlun

3

### Helstu viðburðir framundan

Sýningarskrá

4



### Umbúðasamkeppnin 1999 er hafin

Upplýsingar

5-8

### Umbúðahönnun og framleiðsla

Samkeppni - ráðstefnur

9

### Europarténaríat

Fyrirtækjastefnumót í Berlín í október

10

### Matvælamarkaðir framtíðarinnar

Norræn ráðstefna 18.-20. nóvember

10

### Tækniháskóli atvinnulífsins

Tillaga lögð fyrir menntamálaráðherra

11

### Samstarfsvettvangur um framleiðslustjórnun

Norrænt samstarf

12

# EINKAVÆÐING Í ÓGÖNGUM

**Uppþotið og sviptingarnar undanfarna daga vegna breytinganna á eignarhaldi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, FBA, vekja óneitanlega athygli. Eins og svo oft áður ein-kennist umræðan af upphrópunum og gífurlyðum í stað þess að greina hafrana frá hisminu.**

## AÐ HIKA...

Samtök iðnaðarins hafa lengi verið þeirra skoðunar að eitt af brýnni verk-efnum ríkisvaldsins sé að draga sig út af fjármálamarkaði og selja viðskiptabankana og FBA á markaði. Því miður hafa stjórnvöld ekki gengið fumlaut að þessu verki eins og nauðsynlegt er þegar mikilvæg ríkisfyrirtæki eru einkavædd. Sá dráttur sem orðið hefur á því að ríkið geri upp hug sinn um hvenær og hvernig það hyggst selja þau 51% sem það á enn í FBA er mjög óheppilegur. Sala ríkisfyrirtækja í ótímasettum áföngum leiðir til spá-

kaupmennsku. Þetta er einmitt það sem hefur gerst með FBA. Því miður er ekki að heyra á ríkisstjórninni að hún hyggist hraða einkavæðingu FBA og viðskiptabankanna, þvert á móti verður ekki annað skilið en að hún hyggist staldra við og íhuga málið enn um sinn. Fjármála-stofnanir sem eru að meirihluta í eigu ríkisins eru skráðar á Verðbréfaþingi Íslands, en enginn veit fyrir víst hvað ríkið hyggst fyrir með meirihlutaeign sína. Það skapar óvissu á markaði sem getur m.a. orðið til þess að fjárfestar sem hafa áhuga á að eiga hlut í fjárfestingarbanka leiti annarra leiða til þess en að fjárfesta í FBA. Það verður ekki til þess að hagur ríkisins vænkist.



fasta. Þar var ekki gert ráð fyrir neinum hömlum á meðferð hluta frekar en hjá einstaklingunum. Það á ekki að koma neinum á óvart að á frjálsum markaði með hlutabréf sé ákveðin tilhneiging til þess að talsverður hluti bréfanna safnist á fárra hendur. Þar ræður lögmál markaðarins. Það sem kom á óvart í tilfalli FBA var hversu snarir í snúningum þeir sparisjóðamenn voru þegar bankinn var boðinn til sölu og hvaða aðferðum þeir beittu og síðan það að þeim skyldi þrjóta örendið og selja bréfin aftur með þeim hætti sem raunin hefur orðið á og falla þar með frá áformum sínum um sameiningu Kaupþings og FBA, a.m.k. að sinni.

## LYKILHLUTVERK RÍKISINS...

Í skýrslu um starfsskilyrði frumkvöðla, sem Samtök iðnaðarins gáfu út fyrir skömmu, kemur glögg fram að eitt af því sem frumkvöðlum og fyrirtækjum er einna nauðsynlegast er að geta átt greiðan aðgang að fjármagni á góðum kjörum. Ein af forsendum þess er að hraða einkavæðingu fjármálakerfisins þar sem ríkið ræður enn allt of miklu. Í skýrslu OECD um Ísland fyrir árið 1998 segir m.a.: „Margar og smáar fjármálastofnanir og opinbert eða sameiginlegt eignarhald á þeim hefur valdið kostnaðar- og vaxtamun sem er með því mesta sem þekkt meðal aðildarríkja OECD“. Þetta er kjarni málsins og hann má ekki gleymast. Búa verður svo um hnúta að íslensku atvinnulífi gefist kostur á samkeppnishæfri fjármálaþjónustu. Smæð íslenska hagkerfisins og þar með umfang viðskipta á fjármálamarkaði gerir það lífsnauðsynlegt að beita tiltækum ráðum til þess að ná fram hagræðingu á fjármálamarkaðinum. Eins og staðan er í dag gegnir ríkisvaldið þar lykilhlutverki. Af ríkinu verður því að krefjast skýrrar stefnumörkunar og fumlausra vinnubragða þegar einkavæðing fjármálastofnana á í hlut.

*Jón Steindór Valdimarsson*



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
08. TBL. Ágúst 1999  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 23.08.1999  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is,  
e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason  
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir  
Efnisstjórar: Ingi Bogi Bogason  
og Þóra Ólafsdóttir  
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

**Tæknisjóður Rannsóknarráðs veitti Matvælarannsóknnum Keldnaholti (Matra) nýlega styrk til að kanna möguleika á framleiðslu saltskertra matvæla.**

Verkefnið felst í því að taka saman upplýsingar um tæknilega eiginleika matarsalts og efna sem geta leyst það af hólmi að einhverju



auki eru blöndurnar dýrari en hreint matarsalt.

4. **Athuga önnur efni en matarsalt.** Ýmis önnur natríumsölt en NaCl eru notuð við matvæla-vinnslu. Þau eru notuð til þess að búa til vöru sem hefur tilætlaða áferð, fyllingu, bragð og öryggi. Til dæmis eru mörg bindiefni og rotvarnarefni natríumsambönd.

# NATRÍUMSKERT MATVÆLI

leyti. Venjulegt matarsalt eða natríumklóríð er samband frumefnanna - natríums og klórs (NaCl). Bæði natríum og klór eru lífsnauðsynleg næringarefni en óhófleg saltneysla getur haft óæskileg áhrif á heilsu manna. Mikil neysla á salti getur stuðlað að of háum blóðþrýstingi en hann eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum. Það er natríum sem veldur hinum óæskilegu áhrifum.

Teknar verða saman upplýsingar um möguleika á því að draga úr saltnotkun í matvælum án þess að það komi niður á eiginleikum vörunnar. Þá verður t.d. kannað hvort hægt sé að nota önnur sölt en matarsalt sem ekki hafa sömu áhrif á heilsu manna. Í manneldismarkmiðum Manneldisráðs Íslands segir að æskilegt sé að neysla fólks á matarsalti sé undir 8 grömmum á dag. Algengt er að fólk fái 10-12 grömm af salti úr fæðunni daglega og neysla margra er talsvert meiri.

Nýlega boðuðu Matvælarannsóknir Keldnaholti til kynningarfundar um verkefnið. Þar var fjallað um samband saltneyslu og heilsu, framleiðslu natríumskertra matvæla, íblöndunarefni og vandamál sem upp geta komið við framleiðsluna. Á fundinum kom fram að framleiðsla natríumskertra matvæla er vel möguleg þótt ýmis vandamál þurfi að yfirstíga, einkum við framleiðslu á kjötvörum og ostum. Hér á eftir verður dregið á nokkur þeirra atriða sem fjallað var um á fundinum.

Stór hluti matarsalts (natríumklóríðs) kemur úr tilbúnum matvælum, s.s. unnum kjötvörum, lagmeti, morgunkorni, ostum, brauði og kexi. Allt eru þetta algengar vörur sem eru

daglega á borðum á flestum heimilum. Salt er ekki eingöngu notað bragðsins vegna heldur gegnir það einnig mikilvægu tæknilegu hlutverki í mörgum vörum. Sem dæmi um þetta má nefna að í brauði hefur salt það hlutverk, auk þess að gefa bragð, að styrkja glútenið í deiginu sem gerir því fært að binda betur bæði vatn og loft. Einnig hefur salt áhrif á hefnarhraða og virkar sem rotverjandi efni. Matar-salt gegnir einnig mikilvægu hlutverki í kjötvörum. Það dregur úr vexti örvera og lengir þannig geymsluþol, gefur bragð, eykur vatnsheldni og gerir lit stöðugri. Ef dregið er úr saltnotkun þarf því oft að grípa til notkunar annarra efna til að ná fram sömu tæknilegu eiginleikum. Á fundinum var bent á nokkrar leiðir til að draga úr magni natríums í matvælum.

1. **Fá meira út úr saltinu.** Þetta er hægt með því að vanda valið á salti, huga að því hvernig það er notað og stjórna magni nákvæmlega, þ.e. nota ekki meira en nauðsyn krefur.
2. **Krydd.** Hægt er að bæta við kryddjurtum, s.s. basilikum, majoram, timian, pipar, laukdufti, hvítlauksdufti o.fl., í staðinn fyrir allt salt eða hluta þess.
3. **Saltblöndur.** Hægt er að nota blöndur af natríumklóríði og öðrum söltum, s.s. kalíumklóríð, magnesíumsúlfat eða magnesíumklóríð. Þannig minnkar magn natríums í matvælum. Vandamál eru hins vegar þau að þessum söltum fylgir beiskt aukabragð sem þarf að yfirstíga með öðrum hætti. Einnig hafa blöndurnar aðra tæknilega eiginleika en hreint matarsalt og notkun þeirra krefst því oft nokkurrar vöruþróunar. Þar að

Dæmi um það eru natríumsorbat (E201), natríumfosföt (E450), natríumsölt af fitusýrum (E470) og natríumbíkarbónat (500 lyftiduft). Oft er hægt að nota kalíum, kalsíum eða magnesíumsambönd í staðinn. Það er því mjög mikilvægt að skoða vel og vandlega uppskriftir þegar verið er að þróa natríumskertar vörur.

Hluti af ofangreindu verkefni hjá Matvælarannsóknnum Keldnaholti er að leiðbeina fyrirtækjum sem hafa áhuga á að nýta sér upplýsingar úr verkefninu. Fyrirtækjum í bökunariðnaði, kjötiðnaði og snakkiðnaði verða boðnar upplýsingar án endurgjalds og eiga þær að auðvelda fyrirtækjum að takast á við þróunarstarf.

Þeir sem vilja verða sér úti um upplýsingar úr verkefninu geta haft samband við Ólaf Reykdal í síma 570-7100 eða með tölvupósti: olafurr@iti.is.





# SÝNINGAR - RÁÐSTEFNUR - VIÐBURÐIR

## HELSTU VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

Athugið: Listi þessi er stöðugt í móttun og geta upplýsingar tekið breytingum án frekari fyrirvara! Með skráningu á nafnalista fá áhugasamir aðilar sendar nýjar upplýsingar jafnóðum og þær berast.

### 1999

28. ágúst 1999 **Dagur símenntunar**  
Kynning á starfsmenntun í byggingariðnaði að Keldnaholti fyrir fagfólk og almenning. Opið frá 10:00 til 17:00.
15. október 1999 **Umbúðasamkeppnin 1999**  
Þátttökutilkynningar, umbúðir og annað efni skv. reglum keppninnar, skulu hafa borist Samtökum iðnaðarins í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 í dag, föstudaginn 15. október.
5. nóvember 1999 **Hönnunardagurinn 1999**  
Sýning hönnuða og framleiðenda húsgagna og innréttinga og Hönnunarverðlaun veitt fyrir framúrskarandi hönnun.

### 2000

14. - 16. jan. 2000 **Umbúðasamkeppnin 1999 / Sýning í Perlunni**  
Verðlaunahátíð og umbúðasýning þátttakenda í Umbúðasamkeppninni 1999 (föstudaginn 14. jan.) og stórsýning framleiðenda og hönnuða í Perlunni um helgina. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá SI.
- Í febrúar 2000 **UT sveitarfélaga / Ráðstefna og sýning í Hafnarfirði**  
**Samskiptatækni nýrrar aldar / Stórsýning UT** fyrirtækja. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá SI.
- Til minnis: 25. feb. **Verðlaunahátíð ÍMARK í Háskólabíói.**
3. - 5. mars **Brúðkaup 2000 / Stórsýning um allt fyrir stóru stundina í lífi þínu**  
Vörusýning og þjónusta. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá Sýningum ehf.
- Einnig 5. mars **Tíska 2000 / Keppni fagaðila og sýning á Broadway 5. mars.**
10. - 12. mars **Matur 2000 / Stórsýning og fagkeppni matvælagreina**  
Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá SI.
7. - 9. apríl **HÚS & GARÐAR - Byggingadagar Samtaka iðnaðarins 2000**  
Stórsýning í Laugardalshöll og um land allt. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti í gangi hjá Sýningum ehf.
9. - 16. júlí **Íslenska landbúnaðarsýningin / Stórsýning í Laugardalshöll**  
Allt um landbúnað, framleiðslu, tækni og afurðir á stórsýningu Bændasamtaka Íslands, Samtaka iðnaðarins og Sýninga ehf. Á sama tíma: Landsmót hestamanna í Víðidal. Nánar kynnt síðar - Nafnalisti er í gangi hjá Sýningum ehf.
- Til minnis: 12. ág. **TÍSKUVIKA / í Reykjavík á vegum Eskimo models o.fl.**
12. - 15. október **ORKA og umhverfi / Stórsýning og ráðstefna í Kópavogi**  
Nánar kynnt síðar - Nafnalisti er í gangi hjá Sýningum ehf.

Nánari upplýsingar veita:

Samtök iðnaðarins (SI), Brynjar Ragnarsson, sími 511-5555, fax 511-5566, tölvupóstur brynjar@si.is  
Sýningar ehf, Sigurrós Ragnarsdóttir, sími 562-0600, fax 562-3411, tölvupóstur sigurros@kom.is



## *Umbúðasamkeppnin 1999*



# UMBÚÐASAMKEPPNIN 1999

## Silfurskelin – „Óskarinn“

**Samtök iðnaðarins leggja áherslu á öflugna og samkeppnishæfa umbúðaframleiðslu á Íslandi. Með Umbúðasamkeppninni vilja Samtökin efla metnað og hvetja hönnuði, framleiðendur og notendur til framfara í hönnun, þróun og framleiðslu íslenskra umbúða ásamt því að vera hvatning til neytenda að velja íslenskt öðru fremur.**



Umbúðasamkeppnin 1999 er haldin af Samtökum iðnaðarins í samstarfi við SÍA, Samband íslenskra auglýsingastofa, og ÍMARK, Félags íslensks markaðsfólks.

Umbúðasamkeppnin er haldin þriðja hvert ár og er keppt um Silfurskelina, glæsilegan verðlaunagrip til eignar, auk annarra verðlauna og viðurkenninga. Keppnin hefur fest sig í sessi og er búist við á fjórða hundrað tilnefningum að þessu sinni.

Tilnefningar í Umbúðasamkeppnina 1999 skulu berast Samtökum iðnaðarins fyrir 15. október 1999 nk. Sérstök dómnefnd mun velja þær umbúðir er þykja skara framúr, skv. reglum þar að lútandi, og veita þeim umsögn sína.

Verðlaunahátíð og sýning Umbúðasamkeppninnar 1999 verður haldin í Perlunni 14. til 16. janúar 2000. Á sýningunni verða umbúðir jafnframt tilnefndar til þátttöku í norrænu umbúðasamkeppnina Scanstar 2000, evrópsku samkeppnina Eurostar 2000 og alþjóðlegu samkeppnina Worldstar 2000 sem haldin verður í Japan að ári.

Kynningarefni, þátttökuskráning og eyðublöð, fást á heimasíðu Samtaka iðnaðarins og er veffangið [www.si.is](http://www.si.is). Einnig má nálgast efnið á skrifstofu Samtakanna að Hallveigarstíg 1, Reykjavík. Skilafrestur tilnefninga og þátttökugjalds er föstudaginn 15. október nk. Nánari upplýsingar veitir Brynjar Ragnarsson í síma 511-5555. Einnig er gott að senda tölvupóst á [brynjar@si.is](mailto:brynjar@si.is).

### Reglur Umbúðasamkeppninnar:

Reglur Umbúðasamkeppninnar 1999 eru um margt líkar reglum norrænu samkeppninnar Scanstar og evrópsku samkeppninnar Eurostar og samsvara reglum alþjóðlegu samkeppninnar Worldstar sem er á vegum WPO, World Packaging Organisation. Samtök iðnaðarins eru aðili að Scanstar, Eurostar og Worldstar og eru verðlaunaðar umbúðir í Umbúðasamkeppninni gjaldgengar í þær.

### Undirbúningsnefnd:

Í undirbúningsnefnd eru fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins, SÍA, Sambandi íslenskra auglýsingastofa og Ímark, Félagi íslensks markaðsfólks. Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til undirbúningsnefndar á tölvupóst [brynjar@si.is](mailto:brynjar@si.is).

### Þátttökuskilyrði:

Til umbúða telst allt er umlykur vöru, þ.m.t. flutningaumbúðir, útstillingarumbúðir og neytendaumbúðir. Þátttökurétt hafa umbúðir, hannaðar og framleiddar á Íslandi, sem komið hafa á markað hér eða erlendis á tímabilinu frá 1. nóv. 1995 til og með 15. okt. 1999 nk.

Framleiðendur, hönnuðir og notendur umbúða geta tilkynnt þátttöku að fengnu samþykki hinna aðilanna. Umbúðirnar skulu standast allar íslenskar reglugerðir um umbúðir skv. lögum þar að lútandi.



Hver þátttakandi má tilkynna ótakmarkaðan fjölda mismunandi umbúða í keppnina. Sérhverjar umbúðir skal afhenda í tveimur eintökum, einu með innihaldi og einu án innihalds. Ef um er að ræða umbúðir með ferskri eða djúpfrystri vöru eða mjög stórar einingar, þarf að hafa samband við Samtök iðnaðarins í síma 511-5555.

Með umbúðunum skal fylgja vélritað blað með allt að 50 orða texta þar sem keppandinn færir rök fyrir því hvers vegna umbúðirnar ættu að vinna samkeppnina.

Einnig skal umbúðunum fylgja vélritað blað með hnitmiðuðum og lýsandi texta um hvert og eitt af eftirfarandi fjórum atriðum og má hvert atriði innihalda að hámarki 50 orð:

- 1) Texti um verndun og geymsluþol vöru og hreinlæti og öryggi í notkun m.t.t. dreifingar, verslunar og notenda/neytenda.
- 2) Texti um hugmyndin að baki hönnun umbúðanna (formgerð, tækni, útlit og merkingar) m.t.t. bestu mögulegra gæða í framleiðslu.

# KEPPNIN 1999

## í íslenskum umbúðum“

- 3) Texti um gerð og útlit umbúðanna m.t.t. markaðssetningar á þeim og/eða vörunni (innihaldinu).
- 4) Texti um efnissamsetning umbúðanna og efnisnotkun m.t.t. framleiðslukostnaðar, auk umhverfissjónarmiða hönnuðar og framleiðanda.



Einnig þurfa að fylgja þrjár ljósmyndir í lit (á 35 mm slides og í ramma) er sýna umbúðirnar og vöruna (innihaldið) frá jafnmörgum hliðum þ.e.:

- 1) Ein mynd er sýnir umbúðirnar í flutningsmeðhöndlun.
- 2) Ein mynd er sýnir uppstillingu í verslun.
- 3) Ein mynd af umbúðunum og innihaldinu í notkun og/eða höndum neytandans.

Athugið: Skortur á ofangreindu efni og/eða ófullnægjandi upplýsingar geta haft áhrif á stigagjöf viðkomandi umbúða í Umbúðasamkeppninni 1999. Umbúðir, textar og myndir verða ekki endursendar.

### Þátttökueyðublað, umbúðir og þáttökugjald:

Þátttakendur skulu fylla út og senda eina þáttökutilkynningu fyrir hverja þær umbúðir sem verið er að skrá til keppni, á þar til gerðu þátttökueyðublaði. Þáttökugjald fyrir hverjar stakar umbúðir er kr. 9.500 auk Vsk og kr. 15.500 auk Vsk fyrir raðumbúðir. Lágmark í röð eða seríu eru þrjú eintök og hámark fimm. Þáttökutilkynningin ásamt skilyrtu efni (umbúðir, textar og myndir) og þáttökugjald, skal hafa borist Samtökum iðnaðarins, Hallveigarstíg 1, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. október 1999.

Allt að 15 umbúðir fá viðurkenningu og að auki verða þrjár verðlaunaðar sérstaklega. Fyrirtæki er hljóta verðlaun fyrir umbúðir sínar er heimilt að nota merki samkeppninnar og umsögn dómnefndar við markaðssetningu á verðlaunuðum umbúðum.

### Dómnefnd:

Í dómnefnd er fólk með víðtæka þekkingu og reynslu á hönnun og framleiðslu hverskyns umbúða, þekkingu á lögum og reglum um umbúðir og málefna á borð við vörustjórnun, flutningstækni, markaðsmál, verslun og neytendur. Þess er gætt að ekki skapist möguleiki á hagsmunarárekstrum við þátttakendur í samkeppninni.

Dómnefnd vinnur eftir reglum frá Samtökum iðnaðarins og hefur að auki rétt til að fá utanaðkomandi sérfræðinga til samráðs. Ákvörðun dómnefndar, sem er endanleg, tekur m.a. mið af eftirfarandi þáttum:

- 1) Verndun og geymsluþol vöru, hreinlæti og öryggi notenda/neytenda.
- 2) Auðveld meðhöndlun, þökkun, áfylling, lokun, opnun og endurlokun.
- 3) Skilyrði um upplýsingar, innihaldslýsingu oþh.
- 4) Söluhvatar, ný aðferð, nýjung á markaði, nýir markaðir oþh.
- 5) Hönnun útlits, prentnotkun, skreyting oþh.
- 6) Framleiðslugæði umbúðanna.
- 7) Hagkvæmni í efnisnotkun m.t.t. framleiðslukostnaðar.
- 8) Umhverfisvernd og möguleikar til endurvinnslu og/eða endurnýtingar.
- 9) Hugvitsemi í formgerð, tæknilegar endurbætur oþh.
- 10) Hentugleiki framleiðslu á Íslandi (efni, innihald, prentun, þökkun oþh).
- 11) Hagkvæmni á einu eða fleiri stigum dreifingar.

### Verðlaun, verðlaunahafar og merki samkeppninnar:


Silfurskelin er handsmíðuð og tákn samkeppninnar. Hún er með áletruðum nöfnum vinningshafa og fylgir keppninni. Aðstandendur verðlaunaumbúða hljóta til eignar afsteypu af íslenskri náttúruskel sem inniheldur perlu úr Breiðafirði. Verðlaunagripina smíðaði Sigurður G. Steinþórsson gullsmíður.

Verðlaunaumbúðir hljóta umsögn dómnefndar sem birt verður í fjölmiðlum að lokinni keppni. Fyrirtæki er hljóta verðlaun fyrir umbúðir sínar er heimilt að nota merki samkeppninnar og umsögn dómnefndar við markaðssetningu á verðlaunuðum umbúðum.

### Umbúðasýning og verðlaunaafhending í Perlunni

#### 14.-16. janúar 2000:

Sérstök sýning verður í Perlunni dagana 14. – 16. janúar 2000 í tengslum við Umbúðasamkeppnina og verður hún kynnt nánar síðar. Sýningin verður í umsjón Samtaka iðnaðarins og Sýninga ehf, í samræði við samstarfsaðila.





## Þáttökutilkynning

### Þátttakandi

Vinsamlegast notið prentstafi

Umbúðirnar eru:

Flutningaumbúðir  Útstillingarumbúðir  Neytendaumbúðir

Nafn vöru eða heiti umbúða:

\_\_\_\_\_

Eru umbúðirnar stakar eða hluti af stærri heild?

Stakar  Raðumbúðir og/eða í seríu

Hvenær sett á markað?

\_\_\_\_\_

Koma þessar umbúðir í stað eldri umbúða?

Já  Nei

Hvert er megin notkunarsvið umbúðanna?

\_\_\_\_\_

Nafn notanda:

\_\_\_\_\_

Nafn hönnuðar:

\_\_\_\_\_

Nafn framleiðanda:

\_\_\_\_\_

Tilkynning er send af:

\_\_\_\_\_

Heimilisfang:

\_\_\_\_\_

Póstfang:

\_\_\_\_\_

Tengiliður:

\_\_\_\_\_

Sími:

\_\_\_\_\_

Fax:

\_\_\_\_\_

Tölvupóstur:

\_\_\_\_\_

### Tékklisti

Merkið við efni er fylgir þessari þáttökutilkynningu.

- Greiðsla þáttökugjalds með VSK til skrifstofu Samtaka iðnaðarins gegn útgáfu kvittunar.
- Umbúðirnar í tveimur eintökum, eitt með innihaldi og eitt án innihalds.
- Vélritað fylgiblað (merkt sama nafni vöru eða heiti umbúða er fram kemur á tilkynningu) með rökum um hvers vegna umbúðirnar ættu að vinna samkeppnina. Sjá nánar í meðfylgjandi reglum keppinnar.
- Vélritað fylgiblað (merkt sama nafni vöru eða heiti umbúða er fram kemur á tilkynningu) með hnitmiðuðum og lýsandi texta um fjögur atriði varðandi umbúðirnar. Sjá nánar í meðfylgjandi reglum keppinnar.
- Þrjár ljósmyndir af umbúðunum er sýna þær, og vöruna (innihaldið) frá jafnmörgum hliðum. Sjá nánar um útfærslu ljósmynda í meðfylgjandi reglum keppinnar.

### Athugið:

Skortur á efni og/eða ófullnægjandi upplýsingar geta haft áhrif á stigagjöf viðkomandi umbúða í Umbúðasamkeppninni 1999. Umbúðir, textar og myndir verða ekki endursendar.

### Nánari upplýsingar

Þáttökueyðublöð, fylgiblöð, kynningarefni og reglur Umbúðasamkeppinnar 1999 fást hjá:

Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, 3. hæð  
101 Reykjavík  
Sími 511-5555  
Fax 511-5566

Upplýsingar veitir:  
Brynjar Ragnarsson m.stj.  
Tölvupóstur brynjar@si.is



**SCANPACK 2000**

*Norræn ráðstefna og sýning umbúðaframleiðenda og birgja í Gothenburg í Svíþjóð 9. - 13. október 2000*

Scanpack er árleg sýning umbúðaframleiðenda og birgja á Norðurlöndum, skipulögð af SES, heildarsamtökum umbúðaframleiðenda í Skandinavíu, sem Samtök iðnaðarins eru aðili að. SES er jafnframt skipuleggjandi umbúðasamkeppninnar Scanstar sem orðin er vel þekkt meðal umbúðaframleiðenda á Norðurlöndunum og í Evrópu.

Að þessu sinni verður Scanpack 2000 haldin í Swedish Exhibition & Congress Centre í Gothenburg dagana 9. til 13. október árið 2000.

*Norræna umbúðasamkeppnin*

**SCANSTAR**

Scanstar er árleg umbúðasamkeppni hönnuða og framleiðenda á Norðurlöndum, skipulögð af SES, heildarsamtökum umbúðaframleiðenda í Skandinavíu, sem Samtök iðnaðarins eru aðili að.

Þátttökurétt hafa fyrirtæki sem unnið hafa til verðlauna í umbúðasamkeppni viðkomandi lands, á Íslandi í Umbúðasamkeppni Samtaka iðnaðarins. Þeir sem vilja taka þátt í Scanstar '99 er bent á að skilafrestur á þátttökutilkynningu er til 27. ágúst nk.

Ráðgert er að tilnefna verðlaunaumbúðir í fyrirhugaðri Umbúðasamkeppni 1999 til þátttöku í norrænu umbúðasamkeppninni Scanstar 2000. Slíkt verður þó aðeins gert með samþykki og þátttöku viðkomandi fyrirtækis.

*Evrópska umbúðasamkeppnin*

**EUROSTAR '99**

*Þátttökutilkynningar berist fyrir 12. október nk.*

Evrópska umbúðasamkeppnin Eurostar er haldin árlega á vegum EPF, European Packaging Federation, sem Samtök iðnaðarins eru aðili að. Framleiðendur umbúða innan SI hafa rétt til þátttöku svo framarlega að viðkomandi hafi unnið til verðlauna í umbúðasamkeppni Samtakanna. Skilafrestur á þátttökutilkynningu í Eurostar '99 er til 12. október nk.

Áhugasamir aðilar geta fengið nánari upplýsingar á skrifstofu Samtaka iðnaðarins og/eða haft beint samband við fulltrúa European Packaging Federation, Mrs. Zahia ALLAF í síma 00-33-140-11-2212 eða með faxi 00-33-140-11-0106.

Ráðgert er að tilnefna verðlaunaumbúðir í fyrirhugaðri Umbúðasamkeppni 1999 til þátttöku í evrósku umbúðasamkeppninni Eurostar 2000. Slíkt verður þó aðeins gert með samþykki og þátttöku viðkomandi fyrirtækis, hönnuðar og framleiðanda.

*Alþjóðlega umbúðasamkeppnin*

**WORLDSTAR 2000**

*Íslenskir hönnuðir og framleiðendur geta tekið þátt í stærstu og virtustu umbúðasamkeppni heims á næsta ári*

WPO, World Packaging Organisation, er skipuleggjandi alþjóðlegu umbúðasamkeppninnar Worldstar. Samtök iðnaðarins eru aðili að WPO og hafa því framleiðendur innan SI rétt til þátttöku í gegnum Samtökin.

Fyrirhugað er að kynna WPO og Worldstar á umbúðasýningunni í Perlunni dagana 14. til 16. janúar 2000 og tilnefna umbúðir úr fyrirhugaðri Umbúðasamkeppni 1999 til þátttöku í alþjóðlegu umbúðasamkeppninni Worldstar

2000. Slíkt verður þó aðeins gert með samþykki og þátttöku viðkomandi fyrirtækis, hönnuðar og framleiðanda.

Nánari upplýsingar um Scanpack 2000, Scanstar, Eurostar '99, Eurostar 2000, WPO og Worldstar 2000 fást á skrifstofu Samtaka iðnaðarins. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á tölvupóst brynjar@si.is.

*Hong Kong 15. - 18. september 1999:*

**PACK PRINT EXPO '99**

*Alþjóðleg sýning fyrir umbúðaframleiðendur og prentsmiðjur*

Pack Print Expo '99 er þrettánda sýning sinnar tegundar í heiminum, haldin á vegum Business & Industrial Trade Fairs Ltd, dagana 15. - 18. september í Hong Kong Convention and Exhibition Centre.

*Beijing 20. - 23. nóvember 1999:*

**RÁÐSTEFNA UM UPPLÝSINGATÆKNI Í UMBÚÐAFRAMLEIÐSLU**

*CIPIC'99 - China International Packaging Information Conference*

Á tímum aukinna samskipta, viðskipta og upplýsingaflæðis heimshorna á milli boðar China Packaging Technology Association, í samstarfi við World Packaging Organisation (WPO), til alþjóðlegrar ráðstefnu um upplýsingatækni í umbúðaframleiðslu, dagana 20. - 23. nóvember nk. í Beijing.

Ráðstefnan er ætluð stjórnendum og hagsmunaaðilum í umbúðaframleiðslu sem eiga aðild að WPO. Samtök iðnaðarins eru aðili að WPO og hafa því framleiðendur umbúða innan Samtakanna rétt til þátttöku.

*Tókýó 3. - 7. október 2000:*

**TOKYO PACK 2000**

*Tokyo International Packaging Exhibition*

Umbúðasýningin Tokyo Pack 2000 verður að öllum líkindum sú stærsta sinnar tegundar í Asíu á komandi ári. Hún er skipulögð af Japan Packaging Institute (JPI) og meðal stuðningsaðila eru alþjóðasamtökin WPO, World Packaging Organisation, sem Samtök iðnaðarins eru aðili að.

Samtökunum hefur borist veglegt kynningarrit um sýninguna, skipulag og framkvæmd hennar, og er áhugasömum félagsmönnum boðið að fá sent afrit sé þess óskað.

*Essen 23. - 30. apríl 2002:*

**METPACK 2002 / INTERPACK 2002**

*Alþjóðlegar vörusýningar í Þýskalandi*

Alþjóðlega vörusýningin Metpack 2002, fyrir framleiðendur og notendur umbúða úr málm, verður haldin í Þýskalandi dagana 23. til 27. apríl 2002. Á sama tíma eða dagana 24. til 30. apríl verður alþjóðlega umbúðasýningin Interpack 2002 haldin í Þýskalandi.

*Nánari upplýsingar um ofangreinda viðburði fást á skrifstofu Samtaka iðnaðarins. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á tölvupóst brynjar@si.is.*

# FYRIRTÆKJASTEFNUMÓT Í BERLÍN Í OKTÓBER

Europarténariát fyrirtækjastefnumótin eru haldin tvisvar á ári á mismunandi stöðum í Evrópu, með tilstyrk Evrópusambandsins. Næst verður það haldið í Þýskalandi. Gert er ráð fyrir að allt að 3.000 fyrirtæki frá 80 löndum eigi fulltrúa á mótinu sem haldið verður í Potsdam utan við Berlín 28. og 29. október.

Þáttökufyrirtækjunum er skipt í eftirtalda starfsgreinar:

- Construction/Building supplies
- Electrical engineering/Electronics
- Food
- Information and communications technology
- Rubber and plastic products
- Metalworking
- Machinery, plant and equipment
- Chemicals/Pharmaceuticals/optics
- Environment and recycling
- Transport engineering and vehicle manufacturing
- Wood and furniture/Packaging

Europarténariát fyrirtækjastefnumótin njóta sífellt meiri vinsælda fyrirtækja víða um heim og Evrópusambandið, sem styrkir þessi mót, telur þetta vera eina árangursríkustu leið-



ina til að leiða saman fyrirtæki sem vilja hefja samstarf.

Eins og verið hefur er íslenskum fyrirtækjum boðin þátttaka í þessum atburði án þáttökugjalds. Nú þegar hefur verið gefin út skrá með lýsingu á liðlega 400 þáttökufyrirtækjum frá Þýskalandi. Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig eða vilja fá senda skrána með þýsku þátttakendum hafi samband við Emil B. Karlsson á Iðntæknistofnun. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar og sjá lýsingar á þeim, sem hafa skráð sig, á Netinu: [www.europarténariat.de](http://www.europarténariat.de).

## EUROPARTENARIAT

Europarténariát fyrirtækjastefnumót eru tveggja daga atburðir ætlaðir fyrirtækjum sem eru að leita að samstarfsaðilum í öðrum löndum. Aðstandendur mótanna eru ESB ásamt yfirvöldum á þeim stað þar sem mótið er haldið

hverju sinni. Mótin eru skipulögð með þeim hætti að einkafundur eigi sér stað milli þáttökufulltrúanna. Þannig getur hvert íslenskt fyrirtæki, sem skráir sig á fyrirtækjastefnumót, valið um að eiga fund með hverjum þeim öðrum þátttakendum sem hafa skráð sig og getur jafnframt átt von á að fá ósk um fundi með öðrum fyrirtækjum sem hafa áhuga á að ræða samstarf. Við skipulagningu fundanna er notað fullkomið tölvakerfi. Fyrirtæki eru skráð í sérstakt skráningarrit og á Internetið áður en mótið hefst svo að menn geti pantað fundi fyrirfram með vænlegum samstarfsaðilum.

Talið er að um helmingi þáttökufyrirtækjanna, sem taka þátt í Europarténariát, takist að ná ætlunarverki sínu með undirritun samnings um samstarf. Auk þess telja menn mikilvægt að kynna nýjum viðhorfum og geta fylgst með nýjum stefnum og straumum í sinni atvinnugrein.

Europarténariát er fyrir allar tegundir fyrirtækja og allar tegundir fyrirtækjasamstarfs, hvort sem er á sviði viðskipta dreifingar, rannsókna, „joint venture“ eða annars.

## MATVÆLAMARKAÐIR FRAMTÍÐAR

### Norræn ráðstefna 18.-20. nóvember 1999

NordFood 2 áætlun Norræna iðnaðarsjósins boðar til ráðstefnu 18.-20. nóvember næstkomandi í Lillehammer í Noregi. Titill ráðstefnunnar er: „NEW PERSPECTIVES: Market orientation and strategic choices for future food markets“ eða í lauslegri þýðingu „NÝ SJÓNARHORN: Markaðssetning og skipulagðir valkostir fyrir matvælamarkaði framtíðar“.

Markmið ráðstefnunnar er að leitast við að skýra ástæður þess að niður-



stöður rannsókna skila sér illa út á markaðinn og finna lausnir á vandamálum sem skapast við það. Á ráðstefnunni munu sérfræðingar úr rannsóknageiranum og markaðsfólk koma saman og ræða sín sjónarmið.

Meðal þess sem fjallað verður um er þróun matvælaiðnaðar í heiminum, vörubrúun með tilliti til þarfa markaðarins, nýting þekkingar til að auka hag-

kvæmi í fyrirtækjum, neytendakannanir við vörubrúun, ánægja og áhyggjur af matvælum o.fl. Þátttakendum í ráðstefnunni býðst að taka þátt í umræðuhópum um mismunandi efni.

Ráðstefnan er öllum opin. Fyrirlestrar og allt prentað dreifiefni verður á ensku. Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir á skrifstofu SI í síma 511-5555. Sjá einnig á heimasíðu Norræna iðnaðarsjósins: [www.nordisk-industrifond.no](http://www.nordisk-industrifond.no).

# TILLÖGUR UM STOFNUN TÆKNIHÁSKÓLA ATVINNULÍFSINS

Samtök iðnaðarins hafa sent menntamálaráðherra tillögur um stofnun Tækniháskóla atvinnulífsins. Þar lýsa Samtökin yfir vilja sínum til að taka þátt í stofnun skólans, sem verður starfræktur sem sjálfseignarstofnun í nánnum tengslum við iðnað og þann hluta atvinnulífsins sem mest notar tækni- og rekstrarfólk í sinni þjónustu.

## SAMTÖKIN VILJA ÖFLUGA TÆKNIMENNTUN

Málefni verk- og tæknimenntunar á háskólastigi hafa verið til umfjöllunar hjá Samtökum iðnaðarins um skeið. Þau hófu formleg afskipti af þessu máli í kjölfar stefnumótunarvinnu Samtakanna 1997. Í fyrrihaust sendu Samtökin til menntamálaráðuneytisins umsögn um drög að lög-

um um tækniháskóla. Í umsögninni kemur fram að Samtökin telja lög í þeim anda ekki líkleg til að efla tæknimenntun á háskólastigi eða laga að óskum fyrirtækja; stjórnfyrirkomulag þótti óskilvirkt og eins var óljóst hvert aðgengi iðnmenntaðra yrði.

Um líkt leyti funduðu fulltrúar tíu stærstu fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins um nauðsyn endurnýjunar á fyrirkomulagi verk- og tæknimenntunar á háskólastigi. Hópurinn hefur hist öðru hverju og unnið tillögur að nýju fyrirkomulagi, sem hafa verið sendar menntamálaráðherra.

Í tillögum Samtakanna eru sett fram ákveðin markmið með Tækniháskóla atvinnulífsins. Hann skal:

- sjá íslensku atvinnulífi fyrir nægu

### Sterk samstaða fyrirtækja SI er um þessi atriði:

- Efla ber verk- og tæknimenntun á háskólastigi, m.a. í þeim tilgangi að tryggja fyrirtækjum aðgang að hæfum og vel menntuðum starfskröftum í framtíðinni.
- Tryggja þarf stöðuga aðlögun þessara menntastofnana að þörfum atvinnulífsins og tækniþróun.
- Efla þarf verklega aðstöðu og samnýtingu hennar, m.a. við rannsóknastofnanir atvinnulífsins, með heildarhagkvæmni í fjárfestingum og rekstri í huga.
- Hvetja þarf ungt fólk til að velja menntun á tæknisviði, þannig að hæfir einstaklingar sjá í því tækifæri að velja sér framtíðarstörf í atvinnulífinu á þessum sviðum.
- Efla þarf samstarf við erlenda háskóla til að tryggja að nýir straumar, stefnur og tækniþekking berist heim.
- Nauðsynlegt er að færa stjórnunarhætti skólastofnana á verk- og tæknisviðum til nútímalegra horfs og að stjórn skólans sé að meiri hluta skipuð fólki með víðtæka reynslu og tengsl úr atvinnulífinu.
- Nýr tækniháskóli þarf að vera í opnum og vel skilgreindum tengslum við aðrar menntabrotir og starfsþjálfun í atvinnulífinu, m.a. símenntastofnanir iðnaðarins. Greiður aðgangur þarf að vera að skólanum fyrir fólk með ólíkan bakgrunn, s.s. fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu, gegnum hefðbundið nám, fjarnám ofl.
- Nýr tækniháskóli þarf að geta tekið að sér sí- og endurmenntunarhlutverk fyrir fyrirtæki og starfsmenn þeirra sem vilja bæta við menntun sína og færni.
- Tengja þarf þróunarstarf innan nýs tækniháskóla við fyrirtæki og rannsóknastofnanir atvinnulífsins.
- Verkfræði og tæknifræði verði áfram til sem aðskildar tvenns konar fræði- og starfsgreinar en fjölbreytni og valmöguleikar í samsetningu þessarar menntunar aukin.

framboði af vel menntuðu starfsfólki á sviði verkfræði, tæknifræði, rekstrar- og tölvutækni.

- tileinka sér og miðla nýjustu og hagnýtustu þekkingu á tæknisviði.
- auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stunda rannsóknir, nýsköpun og þróunarstarf í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknastofnanir atvinnulífsins.

### SJÓNARMÍÐ ATVINNULÍFSINS Í FYRIRRÚMI

Samtökin leggja áherslu á að sjónarmið atvinnulífsins verði höfð að leiðarljósi við tillögugerð um nýtt fyrirkomulag verk- og tæknimenntunar.

Í stefnu SI í menntamálu er áréttuð nauðsyn þess að íslenska mennta-

kerfið sé sambærilegt við það besta í heiminum og að auka þurfi tengsl atvinnulífs og skóla á forsendum atvinnulífsins. Þetta hefur sjaldan verið brynna en nú þegar staðfestur er skortur á tæknimenntuðu háskólaafólki í fyrirtækjum.

Við nánari útfærslu þessarar stefnu hafa starfsmenn Samtaka iðnaðarins ráðfært sig við fjölda öflugra fyrirtækja sem byggja starfsemi sína að miklu leyti á verk- og tæknimenntuðu fólki. Forsvarsmenn fyrirtækjanna hafa lýst því yfir að verk- og tækninám á háskólastigi þurfi að taka breytingum. Þeir telja að öflug tækni- og verkfræðiþekking sé forsenda fyrir framþróun íslensks atvinnulífs. Til að tryggja þetta þurfa áhrif atvinnulífsins á háskólastarsemi

á sviði verk- og tæknimenntunar að aukast.

Samtök iðnaðarins lýsa yfir í tillögum sínum til ráðherra vilja til að vinna, í samráði við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila í atvinnulífinu, að frekari útfærslu á sjálfseignarstofnun um rekstur Tækniháskóla atvinnulífsins, sem byggir á framangreindum forsendum.

Í erindi til ráðherra er, auk þess sem hér hefur verið nefnt, fjallað um skipulag, starfssvið og aðstöðu Tækniháskóla atvinnulífsins.

Frekari upplýsingar um tillögur SI um Tækniháskóla atvinnulífsins eru á [www.si.is](#).

Ingi Bogi Bogason  
Davíð Lúðvíksson




# SAMSTARFSVETTVANGUR UM FRAMLEIÐSLUSTJÓRNUN

Samtök iðnaðarins gerðust á síðasta ári aðilar að samstarfsneti norrænna samtaka sem gæta sérstaklega hagsmuna tæknifyrirtækja á Norðurlöndum.

Þessi samtök eru ýmist sjálfstæð samtök eða sérsambönd innan iðn- og atvinnurekendasamtakanna. Hópurinn nefnir sig SVAPU-TEC og á uppruna sinn í SVAPU sem eru málm- og rafeindafyrirtæki á Norðurlöndum. Aðildarfélag hópsins eru auk SI; Dansk Industri, Sveriges Verkstedsforening; Teknologibedriftenes Landsforening í Noregi og FIMET í Finnlandi. SVAPU-TEC hópurinn leggur megin áherslu á málefni sem snúa að framleiðslu, þróun og tæknimálum fyrirtækja og stjórnun þar að lútandi.

Fyrsta verkefni hópsins var að standa að vinnufundi í Kaupmannahöfn í september á síðasta ári um „Árangur á heimsælingarvarða“ (How to gain World Class Performance in Manufacturing“). Í framhaldi af þessum vinnufundi hefur hópurinn skilgreint sérstakt verkefni um uppbyggingu á „Norrænum samstarfsvettvangi um framleiðslustjórnun“ („Nordic Forum for Production



Norræni samstarfsvettvangurinn um framleiðslustjórnun skiptist í fjóra meginþætti

Management“). Tilgangurinn með þessum samstarfsvettvangi er að auka samkeppnishæfni og styrkja umhverfi þróunarstarfs og þekkingaruppbyggingar fyrirtækja á sviði tækni og framleiðslu m.a. með því að efla tengsl og samvirkni milli mismunandi þróunarverkefna, áætlana og þróunarmiðstöðva á Norðurlöndum.

Starfsemi vettvangsins skiptist í fjóra meginþætti sem eru:

1. Persónubundin tengsl, miðlun sambanda og gagnkvæmar fyrirtækjaheimsóknir.
2. Ráðstefnur og vinnufundir, samnýting á alþjóðlegum fyrirlesurum.
3. Upplýsingavefur á Internetinu.
4. Samstarfsverkefni.

Norræni iðnaðarsjóðurinn fjármagnar starfsemi vettvangsins að hluta á móti innlendum fjármögnunaraðilum

og aðstandendum. Dönsku iðnrekendasamtökin „Dansk Industri“ bera hita og þunga af daglegri framkvæmd en samstarfsaðilarnir eiga allir fulltrúa í stjórnarnefnd og verkefnisstjórn verkefnisins.

Verkefnið er að fara af stað um þessar mundir og hefst með því að samstarfsaðilarnir gera lista hver í sínu landi yfir þau fyrirtæki sem eiga það sammerkt að vera nú í fremstu röð á sínu sviði í heiminum eða hafa markað sér slíka stefnu. Úr þessum hópi eru svo valin 5-10 fyrirtæki í hverju landi sem verða heimsótt í þeim tilgangi að kortleggja hver eru helstu viðfangsefni þeirra á sviði framleiðslustjórnunar og tækni. Með þessu vonast aðstandendur til að fá góða yfirsýn yfir þau svið þar sem áhugi fyrirtækjanna stendur til aukinnar þekkingaruppbyggingar og alþjóðlegra tengsla.

Það er mat okkar hjá Samtökunum að slíkt verkefni geti orðið þýðingarmikill hlekkur í starfi okkar til að efla þekkingaruppbyggingu og færni á sviði framleiðslu og tækni í íslenskum iðnaði á komandi árum. Þessi norræni samstarfsvettvangur er hugsaður sem langtímaverkefni sem við væntum mikils af í framtíðinni, þó að verkefnið við að byggja hann upp sé aðeins skilgreint til næstu tveggja ára.

Davíð Lúðvíksson



## Á NÆSTUNNI...

Sýningin **Food Ingredients Europe 99** verður haldin í París 14.-16. september næstkomandi. Þetta er þekktasta sýning á innihaldsefnum matvæla sem haldin er í Evrópu. Hana sækja að jafnaði 23.000 gestir.

**Anuga 99** verður haldin í Köln í Þýskalandi 9.-14. október 1999. Eins og mörgum er kunnugt hafa vélar og tæki verið aðskilin frá aðalsýningunni og er haldin sérstök sýning á hvers kyns tækjum og búnaði til matvælavinnslu er nefnist **Anuga Food**

**Tech.** Hún verður haldin í Köln, 11.-15. apríl 2000.

**Matvæladagur MNÍ 1999** verður haldinn í Reykjavík föstudaginn 14. október næstkomandi. Að þessu sinni verður fjallað um offitu út frá ýmsum sjónarhornum. Veitt verða verðlaun, Fjöregg MNÍ, fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla.

**Sjá nánar um ráðstefnur og sýningar á heimasíðu Samtaka iðnaðarins [www.si.is](http://www.si.is).**